

## Stjórnarfundur FEB nr. 452

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 6. október 2020 kl. 9:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og varamaður Finnur Birgisson sem ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róbert Þ. Bender aðalmaður og Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber varamenn.

### Dagskrá:

#### 1. Ályktun LEB um kjaramál

Rætt var um nýbirta ályktun frá LEB í tilefni af fjárlagafrumvarpi 2021. Nokkur gagnrýni kom fram á texta ályktunarinnar. Stjórnin var sammála um að mikilvægt væri að kjaranefnd FEB tæki til starfa í vikunni.

#### 2. Samráðshópur um hagsmuni aldraðra

Ingibjörg formaður kynnti stöðu viðræðna í samráðshópnum, en í þeim hafa tekið þátt formenn félaganna í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Suðurnesjum, auk formanns LEB. Komin eru drög að stofnun verkefnisstjórnar og í burðarliðnum er að stofna viðburða- og aðgerðahóp.

#### 3. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg um þjónustu

Svo virðist sem ekki hafi verið föst regla á styrkveitingum borgarinnar til félagsins vegna veittrar þjónustu, og sum ár hafa ekki verið bókfærðir neindir styrkir. Síðasti samstarfs-samningur sem finnst er vegna ársins 2015. Formanni var falið að leita eftir nýjum þjón-ustusamningi við borgina.

#### 4. Umsókn um styrk vegna viðburðaviku á næsta ári

Samþykkt var að sækja um styrk frá Reykjavíkurborg til að halda „Viðburðaviku reynslu-bolta“ sem áformuð er á næsta ári þegar félagið verður 35 ára.

#### 5. Umsókn um styrk frá Rannsóknarsjóði Öldrunarráðs

Rædd var tillaga um að sækja um styrk frá rannsóknarsjóðnum, sem hefur auglýst eftir umsóknum með fresti til 18. október. Ólafi og Kára var falið að vinna að samningu umsóknar.

#### 6. „Umferð“ á heimasíðu félagsins

Gerð var grein fyrir tölulegum upplýsingum um heimsóknir á heimasíðuna og að hverju áhugi gestanna virðist helst beinast. Áberandi er að talsverður áhugi er á upplýsingum um íbúðir og byggingarmál.

#### 7. Kynning á aðkomu félagsins að byggngu íbúða

Þessum lið var frestað.

#### 8. Önnur mál

Dýrleif framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því helsta varðandi daglega starfsemi hjá félaginu, en hún er enn háð miklum takmörkunum vegna yfirstandandi kórónaveiru-faraldurs.

Fleira ekki gert, - fundi slitið kl. 11:30

Ingibjörg H. Sverrisdóttir  
Sigurbjörg Gísladóttir  
Ólafur Örn Ingólfsson  
Ingibjörg Óskarsdóttir

Bls. 1 af 1

Ólafur Eggertsson  
Finnur Birgisson